

Reglur Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð



Akureyrarbær
Velferðarsvið

Yfirlit

| | |
|--|----|
| I. Kafli | 4 |
| Lagagrundvöllur, markmið, skilgreiningar og ábyrgð | 4 |
| 1. gr. | 4 |
| Lagagrundvöllur fjárhagsaðstoðar | 4 |
| 2. gr. | 4 |
| Framfærsluskylda..... | 4 |
| 3. gr. | 4 |
| Réttur til fjárhagsaðstoðar..... | 4 |
| 4. gr. | 5 |
| Tímamörk fjárhagsaðstoðar | 5 |
| 5. gr. | 5 |
| Form fjárhagsaðstoðar | 5 |
| II. Kafli..... | 6 |
| Umsókn um fjárhagsaðstoð..... | 6 |
| 6. gr. | 6 |
| Umsóknir og fylgigögn..... | 6 |
| 7. gr. | 7 |
| Félagsleg ráðgjöf og samráð | 7 |
| III. Kafli | 7 |
| Réttur til fjárhagsaðstoðar..... | 7 |
| 8. gr. | 7 |
| Upphæðir fjárhagsaðstoðar | 7 |
| 9. gr. | 8 |
| Skerðing fjárhagsaðstoðar..... | 8 |
| 10. gr. | 9 |
| Tekjur umsækjanda/maka | 9 |
| 11. gr. | 9 |
| Eignir umsækjanda/maka..... | 9 |
| 12. gr. | 9 |
| Kostnaður vegna húsnæðis | 9 |
| 13. gr. | 9 |
| Greiðslur meðlags | 9 |
| 14. gr. | 10 |
| Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf..... | 10 |
| 15. gr. | 10 |
| Mat á tekjum bænda..... | 10 |

| | |
|---|----|
| IV. Kafli | 10 |
| Heimildir vegna sérstakra aðstæðna | 10 |
| 16. gr. | 10 |
| Aðstoð við einstaklinga yngri en átján ára..... | 10 |
| 17. gr. | 10 |
| Námsaðstoð..... | 10 |
| 18. gr. | 11 |
| Styrkur vegna skólagjalda og kaupa á námsgögnum..... | 11 |
| 19. gr. | 11 |
| Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð. | 11 |
| 20. gr. | 11 |
| Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri | 11 |
| 21. gr. | 12 |
| Húsbúnaðarstyrkur..... | 12 |
| 22. gr. | 12 |
| Greiðsla sérfræðiaðstoðar | 12 |
| 23. gr. | 12 |
| Útfararstyrkir..... | 12 |
| 24. gr. | 13 |
| Áfallaaðstoð | 13 |
| 25. gr. | 13 |
| Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu | 13 |
| 26. gr. | 14 |
| Styrkur vegna sérstakra erfiðleika | 14 |
| 27. gr. | 14 |
| Sérstök aðstoð vegna endurhæfingar | 14 |
| 28. gr. | 15 |
| Desemberstyrkur | 15 |
| 29. gr. | 15 |
| Könnun á aðstæðum..... | 15 |
| 30. gr. | 15 |
| Samvinna við umsækjanda | 15 |
| 31. gr. | 15 |
| Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum | 15 |
| 32. gr. | 15 |
| Rannsóknarskylda..... | 15 |
| 33. gr. | 15 |

| | |
|---|----|
| Upplýsingaskylda umsækjanda..... | 15 |
| 34. gr. | 16 |
| Leiðbeiningar til umsækjanda..... | 16 |
| 35. gr. | 16 |
| Rangar/villandi upplýsingar..... | 16 |
| 36. gr. | 16 |
| Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum..... | 16 |
| 37. gr. | 16 |
| Kynning á ákvörðun..... | 16 |
| 38. gr. | 17 |
| Málskotsréttur | 17 |
| 39. gr. | 17 |
| Endurupptaka máls..... | 17 |
| VI. Kafli | 17 |
| Annað..... | 17 |
| 40. gr. | 17 |
| Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar | 17 |
| 41. gr. | 17 |
| Gildistími | 17 |

Reglur Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð



I. Kafli

Lagagrundvöllur, markmið, skilgreiningar og ábyrgð

1. gr.

Lagagrundvöllur fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farboða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Markmið fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs Akureyrarbæjar er að tryggja að íbúar bæjarins geti séð fyrir sér og sínum með því að veita þeim þá fjárhaglegu aðstoð sem nauðsyn krefur. Fjárhagsaðstoð skal veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum og er aðstoð til að mæta grunnþörfum. Þjónustan miðar að því að styrkja íbúa til sjálfshjálpar og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram út málum sínum sjálf.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Félagsleg ráðgjöf skal jafnframt standa umsækjanda um fjárhagsaðstoð til boða, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjónustan skal miða að valdeflingu, hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum hvers og eins.

2. gr.

Framfærsluskylða

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. hjúskaparlög nr. 31/1993, barnalög nr. 76/2003 og 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

Kanna skal til þrautar rétt umsækjanda um fjárhagsaðstoð til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

3. gr.

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum sem eiga lögheimili í Akureyrarbæ í þeim tilgangi að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi:

- a. Þegar einstaklingar hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða.
- b. Vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra aðstæðna, sbr. IV. kafli reglna þessara.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á og fjárhagsaðstoð veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarsviðs, svo sem ráðgjöf, leiðbeiningar og virkni. Við meðferð og vinnslu umsókna ber að sýna umsækjanda fyllstu virðingu og gæta trúnaðar um málefni hans.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárbörf til framfærslu lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur. Heimilt er að lækka grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í ákveðnum tilvikum, sbr. 19. gr. reglna þessara.

4. gr.

Tímamörk fjárhagsaðstoðar

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftir á greiðslur að ræða. Fjárhagsaðstoð skal öðru jöfnu greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Aðstæður þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í þrjú mánuði samfellt skulu kannaðar sérstaklega og félagslegri ráðgjöf beitt ásamt öðrum viðeigandi úrræðum. Í slíkum tilvikum skal gerð áætlun um frekari meðferð máls og ef við á, benda viðkomandi m.a. á að leita til Umboðsmanns skuldara. Þá skal einnig gera samkomulag um félagslega ráðgjöf með samvinnu og samráð að leiðarljósi. Félagsslegri ráðgjöf er ætlað að styrkja einstaklinginn til sjálfshjálpar.

Fjárhagsaðstoð er aldrei veitt lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn var lögð fram. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta aðstoð aftur í tímann og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt fyrir lánveitingu:

- a) Fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi geti staðið í skilum við afborganir.
- b) Umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- c) Umsækjandi er ekki með eldra lán.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá velferðarsviði skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu. Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum. Ef um lán er að ræða vegna húsaleigu eða tryggingargjalds skal lánið að öllu jöfnu endurgreiddast með sérstökum húsnæðisstuðningi.

Framfærslulán skulu endurgreiðast í einni greiðslu þegar lántaki fær þær tekjur sem von er á, t.d. frá Tryggingarstofnun ríkisins og öðrum sambærilegum stofnunum.

Framfærslulán er óheimilt að veita lengur en 3 mánuði samfelld.

II. Kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

6. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirtalin gögn:

- a. Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á þjónustugátt Akureyrarbæjar og undirrita með rafrænum skilríkjum. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar, undirrituðu af umsækjanda eða talsmanni hans skv. formlegu umboði. Í umsókn skulu koma m.a. fram upplýsingar um lögheimili, sambúðarstöðu, húsnæðisaðstæður, nafn maka og barna á framfæri og ástæður umsóknar. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.
- b. Skattframtal, álagningarseðill, staðgreiðsluskrá umsækjanda og launa- og/eða greiðsluseðla fyrir tvo síðustu mánuði og þegar við á greiðsluáætlun frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða Fæðingarorlofssjóði. Skila skal sömu upplýsingum fyrir sambúðaraðila. Einnig ber að skila skattframtali og eignayfirlýsingu frá ríkisfangslandi hafi viðkomandi eða sambúðaraðili búið erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári.
- c. Upplýsingar um tekjur og eignir, þ.m.t. greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum aðilum, innanlands eða erlendis. Einnig yfirlit um innistæður í bönkum, sparisjóðum eða öðrum fjármálastofnunum. Þá skal eftir atvikum liggja fyrir upplýsingar um lánshæfismat og skuldastöðu frá Creditinfo, einnig skv. kafla IV. í reglum þessum.

Heimilt er að víkja frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna ef um rökstutt neyðartilvik er að ræða.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á nýskráningu hjá Vinnumálastofnun er staðfestir atvinnuleysi. Jafnframt skal umsækjandi framvísa staðfestingum á umsóknum um störf. Umsækjandi skal að lágmarki sækja um eitt starf í viku. Í þeim tilfellum sem einstaklingur er vinnufær skal leita leiða til að bjóða vinnu í gegnum Fjölsmiðjuna eða sérstaka atvinnuátakið.

Ef um veikindi er að ræða skal umsækjandi framvísa læknisvottorði. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu ef við á. Almennt gilda læknisvottorð að hámarki í þrjá mánuði frá dagsetningu vottorðs, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna þessara.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar myndast þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis í landinu.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi og staðfestingu á lögheimilisskráningu.

Umsækjandi sem hefur fengið dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans á að jafnaði ekki rétt til fjárhagsaðstoðar.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framangreind atriði, skal starfsmaður tilkynna umsækjanda um hvaða gögn skorti og hvaða afleiðingar slíkt geti haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína, sbr. 34. gr. þessara reglna.

Starfsmaður skal gera umsækjanda grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar vegna hverrar umsóknar. Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði. Ef umbeðin gögn berast ekki innan tveggja vikna frá því að umsókn er lögð fram er henni vísað frá.

7. gr.

Félagsleg ráðgjöf og samráð

Kanna skal sérstaklega aðstæður umsækjanda sem fengið hefur fjárhagsaðstoð lengur en þrjú mánuði. Samhliða skal veita félagslega ráðgjöf, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Gera skal einstaklingsáætlun þar sem hafa skal samvinnu og samráð að leiðarljósi, sbr. 8. gr. og 58. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. Kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

8. gr.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 219.244,-. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er á kvarðanum 1,0 eða kr. 219.244,-. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, hvort sem það er hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum aðilum og nýtur hagræðis að því, leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings, eða hafa ekki aðgang að húsnæði er á kvarðanum 0,5 eða kr. 109.266,-.

- Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er á kvarðanum 1,6 eða kr. 350.790,-.
- Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna í frístund, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Fjárhæð fjárhagsaðstoðarinnar tekur mið af gjaldskrá leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar hverju sinni. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.

Frá upphæð fjárhagsaðstoðar dragast skattskyldar tekjur sbr. 12. gr. í reglum þessum. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur er dregin frá. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búi á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur ekki fengið meðlag og er með skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Aðstoð við námsmenn fer eftir ákvæðum 17. og 18. gr. í reglum þessum.

9. gr.

Skerðing fjárhagsaðstoðar

Hafni einstaklingur vinnu eða vinnumarkaðsúrræðum, hefur verið settur á bið hjá Vinnuálastofnun, hefur fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta eða hefur ekki sinnt virkri atvinnuleit með sannanlegum hætti skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir.

Sama gildir um umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi, nema veigamiklar ástæður liggja að baki að mati ráðgjafa.

Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við félagsráðgjafa gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Sinni einstaklingur ekki einstaklingsáætlun skal greiða hálfu gunnfjárhæði til framfærslu þann mánuð og mánuðinn á eftir nema um veigamiklar ástæður er að ræða. Læknisvottorð skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á vinnufærni og áætlun á endurhæfingu þegar það á við. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram.

Hafni viðkomandi þátttöku í einstaklingsáætlun, sbr. 7. gr. reglna þessara og/eða stendur ekki við áætlunina er heimilt að lækka fjárhagsaðstoð um helming, eða henni verður hætt, enda liggja fyrir rökstuddar ástæður af hálfu stofnunarinnar.

Taka skal mið af félagslegum aðstæðum barna áður en ákvörðun er tekin um skerðingu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga sem eru með börn á framfæri.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að greiða húsaleigu í að hámarki 2 mánuði á meðan skerðing varir. Hámarksaðstoð á mánuði fer þó aldrei yfir fjárhæð framfærslustyrks skv. 8. gr. reglna þessara.

10. gr.

Tekjur umsækjanda/maka

Með tekjum er átt við allar innlendir og erlendar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila s.s. atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur; greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, mæðra- og feðralaun og framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá.

Allar tekjur einstaklings og sambúðaraðila í þeim mánuði sem sótt er um koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar og einnig tekjur mánuðinn á undan, að undanskildum greiðslum vegna barna, húsnæðis-/vaxtatekna og/eða sérstaks húsnæðisstuðnings. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna.

Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, fyrsta mánuð eftir að greiðslum lýkur.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

11. gr.

Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal umsækjanda vísað á lánaþinggreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunarmörkum.

12. gr.

Kostnaður vegna húsnæðis

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður umsækjanda vegna húsnæðis verði mætt með greiðslum húsnæðis- eða vaxtabóta, sem og hluta af framfærslugrunni.

13. gr.

Greiðslur meðlags

Heimilt er að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur einstaklings sem fær greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu. Greitt er beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoð hækkar sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Liggi fyrir samkomulag við Innheimtustofnun sveitarfélaga um greiðslu meðlagsskuldar er heimilt að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur. Skilyrði er að barn/börn umsækjanda séu með lögheimili á Íslandi.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf

Atvinnurekandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á kost á fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og lokað vsk-númeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og óski eftir fullu starfi.

15. gr.

Mat á tekjum bænda.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggi einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárhagsaðstoð skal miða við framfærslugrunn sbr. 8. gr. í reglum þessum.

IV. Kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

16. gr.

Aðstoð við einstaklinga yngri en átján ára

Einstaklingur yngri en 18 ára á ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni. Foreldrum er skylt að framfæra barn sitt til 18 ára aldurs þess, sbr. IX. kafla barnalaga nr. 76/2003.

17. gr.

Námsaðstoð

Einstaklingur sem stundar lánshæft nám nýtur ekki fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Heimilt er að veita einstaklingi styrk til náms sem ekki hefur lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla félagslegra erfiðleika.

Heimildin á við þegar einstaklingur er atvinnulaus án bótaréttar eða hefur haft skattskyldar tekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjú mánuði. Þó má gera undantekningu ef viðkomandi einstaklingur hefur verið í sumarvinnu og var sökum þess tekjuhærri á tímabili en ella. Taka skal þá mið af skattskyldum tekjum þremur mánuðum áður en sumarvinnan hófst. Skilyrði er að viðkomandi framvísi ráðningarsamningi þar sem ráðningartími er tilgreindur.

Aðstoð vegna náms skal miðast við grunnupphæð fjárhagsaðstoðar skv. 8. gr. Tekjur einstaklings koma til frádráttar, sbr. 10. gr. þ.m.t. menntunarframlag og/eða barnalífeyrir vegna náms milli 18 ára og tvítugs sem einstaklingi er heimilt að sækja um hjá sýslumanni uppfylli hann skilyrði til þess.

Einstaklingsáætlun skal liggja fyrir þar sem markmið með námi koma fram, hvernig staðið skuli að skilum varðandi upplýsingar um skólasókn og einkunnir. Jafnframt skal geta eftir atvikum hvaða stuðning annan umsækjandi þarf.

Ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði skulu teknar fyrir hverja önn. Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður.

18. gr.

Styrkur vegna skólagjalda og kaupa á námsgögnum

Heimilt er að veita styrk vegna bókakostnaðar og skólagjalda að hámarki kr. 60.000,- til þeirra sem fá styrk vegna námsaðstoðar sbr. 17. gr.

Einnig er heimilt að veita tekjulágum foreldrum sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að etja fjárstyrk vegna náms barna yngri en 18 ára sem stunda nám í framhaldsskóla. Styrkurinn er veittur vegna innritunargjalda og kaupa á námsgögnum. Hámarks upphæð er 60.000 kr. á barn fyrir hverja önn.

19. gr.

Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.

Ef sérstök meðferðar- og /eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra til að stunda framhaldsskóla fjarri heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

20. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri í eftirtöldum tilvikum.

- a) Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 18.000 kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.
- b) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar eða á grundvelli einstaklingsáætlunar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

21. gr.

Húsbúnaðarstyrkur

Húsbúnaðarstyrk má veita þeim einstaklingum sem eru eignalausir, eiga í miklum félagslegum erfiðleikum og með tekjur við viðmiðunarmörk sem eru að hefja búskap eða eiga ekki húsbúnað.

Húsbúnaðarstyrkur getur að hámarki orðið kr. 150.000,- og greiðist að jafnaði aðeins í eitt skipti.

22. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

A. Styrkur til greiðslu tannlækninga.

Heimilt er undir sérstökum kringumstæðum, að veita einstaklingi sem hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum undanfarna 6 mánuði styrk til nauðsynlegra tannlækninga.

Hámark aðstoðar skal vera kr. 80.000,- á 12 mánaða tímabili. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis.

B. Styrkur til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum.

Heimilt er að veita einstaklingi sem hefur búið við mikla félagslega erfiðleika til lengri tíma eða sem hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi styrk til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum fagaðilum, enda sé fyrirsjáanlegt að ekki sé hægt að veita þjónustuna innan velferðarsviðs eða á vegum opinberra heilbrigðisstofnana, þeim að kostnaðarlausu.

Skilyrði fyrir veitingu styrksins er að viðkomandi einstaklingur sé á eða við viðmiðunarmörk fjárhagsaðstoðar.

Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki fimm skipti í senn og að hámarki tíu skipti á ári. Heimilt er að kalla eftir umsögn fagaðila og meta þörf fyrir frekari aðstoð.

C. Styrkur til greiðslu sérfræðikostnaðar.

Heimilt er veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegs lækniskostnaðar hjá viðurkenndu heilbrigðisstarfsfólki. Upphæðin skal að hámarki vera 80.000 á 12 mánaða tímabili.

D. Lán til nauðsynlegra læknisferða.

Þegar einstaklingur sem er við viðmiðunarmörk fjárhagsaðstoðar þarf að sækja sér nauðsynlegrar lækni meðferðar sem er greidd af sjúkratryggingum Íslands getur hann fengið lán fyrir ferðinni meðan beðið er eftir endurgreiðslu frá SÍ.

23. gr.

Útfararstyrkir

Heimilt er að veita styrk vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- a. Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og útprentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- b. Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá aðstoð velferðarsviðs
- c. Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfarar þegar eignir dánarbús hrökkva ekki til og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið, sbr. 21. gr. reglna þessara.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Hámark aðstoðar er kr. 250.000,-.

24. gr.

Áfallaástoð

Einstaklingur með skattskyldar tekjur skv. lágmarkslaunum kjarasamninga eða lægri og verður fyrir skyndilegum eignamissi vegna bruna, veikinda eða annarra áfalla á kost á láni eða styrk, allt að kr. 200.000,-. Sama gildir ef rýma þarf húsnæði umsækjanda af heilbrigðisástæðum.

Hafi umsækjandi tryggingu sem líklegt er að bæti tjónið skal aðstoð veitt með láni sem endurgreiðist þegar tryggingafélag hefur innt bótagreiðslu af hendi.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til þeirra sem eru með skattskyldar tekjur skv. lágmarkslaunum kjarasamninga eða lægri, til heildarþrifa á íbúð sem er orðin það heilsuspillandi að illmögulegt er að búa við þær aðstæður. Skilyrði er að lögð séu fram gögn frá Heilbrigðiseftirliti þar að lúandi.

25. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan.

Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika.

Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Skilyrði 3. mgr. 5. gr. reglna þessara skulu vera uppfyllt sé veitt aðstoð samkvæmt þessu ákvæði.

Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir.

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

26. gr.

Styrkur vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita styrk, allt að kr. 200.000,- að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að tekjur einstaklings séu á eða undir viðmiðunarmörkum.
- b. Að fyrir liggja yfirlit starfsmanns velferðarsviðs eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- c. Að umsækjandi hafi ekki fengið fyrirgreiðslu skv. þessari grein undanfarna 12 mánuði.
- d. Að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþingreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana, þar sem það á við.
- e. Að fyrir liggja samningur um félagslega ráðgjöf eða fjármálaráðgjöf, þar sem það á við.

Ekki er heimilt að veita styrk til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er ekki heimilt að veita styrk til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Styrkurinn er veittur t.d. til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum. Jafnframt er heimilt að veita fæðingarstyrki séu tekjur undir viðmiðunarmörkum. Þá er heimilt að veita einstaklingum á meðferðar- eða sjúkrastofnunum styrk vegna húsnæðiskostnaðar til allt að tveggja mánaða.

Styrkurinn kemur að jafnaði aðeins til álita sýni umsækjandi fram á að styrkur muni breyta stöðu hans til hins betra þegar til lengri tíma er litið.

27. gr.

Sérstök aðstoð vegna endurhæfingar

Heimilt er að veita einstaklingum sem taka þátt í markvissum stuðningi sérstaka aðstoð.

Skilyrði er að umsækjandi eigi, eða hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafi, að mati starfsmanns, raunverulegan áhuga á endurhæfingu. Gerður skal samningur um félagslega ráðgjöf og þegar við á endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í áætlun skulu koma fram markmið, tímaáætlun, ábyrgð viðkomandi og tilgreind tegund aðstoðar, eftirfylgni og reglubundið mat á árangri.

Heildarkostnaður fjárhagsaðstoðar getur numið allt að kr. 350.000,- á hverju tólf mánaða tímabili, að meðtöldum atvinnu- eða námstengdum átaksverkefnum.

28. gr.

Desemberstyrkur

Desemberstyrkur nemur 25% af grunnaðstoð af kvarða umsækjanda og er að jafnaði einungis veittur þeim sem eiga við sérstaka félagslega erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjá mánuði.

V. Kafli

Málsmeðferð

29. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef velferðarsviði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

30. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

31. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Starfsmenn eru bundnir þagnaskyldu um málefni umsækjanda. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

32. gr.

Rannsóknarskylda

Starfsmaður skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur, eignir og réttindi umsækjanda, svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, Atvinnuleysistryggingasjóði og Fæðingarorlofssjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til.

33. gr.

Upplýsingaskylda umsækjanda

Skylt er að veita starfsmanni hverjar þær upplýsingar sem máli skipta vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð.

Heimilt er að synja umsókn um fjárhagsaðstoð neiti umsækjandi eða maki hans að veita upplýsingar um aðstæður sínar, þ.m.t. fjárhag, eignir og annað sem varðar umsókn.

34. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda almennar upplýsingar um rétt sem hann kann að eiga annars staðar, t.d. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, lífeyrissjóðum, Fæðingarorlofssjóði, Lánasjóði íslenskra námsmanna eða tryggingarfélögum. Leiðbeina skal umsækjanda um hvert hann skuli leita til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína og ákvarðanir þar um eða eftir atvikum framsenda erindið með upplýstu samþykki hans til viðkomandi stofnunar og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Starfsmaður skal eftir atvikum hafa samvinnu við aðra opinbera aðila á sviði félagsþjónustu um skipulag þjónustu og málefni einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð, allt í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Upplýsa skal umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt 57. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

35. gr.

Rangar/villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi umsækjanda er endurkræf.

Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur velferðarsvið endurkrafíð viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar.

Liggi fyrir að ofgreiðslu megi rekja til rangra eða villandi upplýsinga umsækjanda er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að umsækjandi geti áfram séð fyrir sér og sínum.

36. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Akureyrarbæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

37. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun ef ákvörðuninni fylgdi ekki rökstuðningur.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um leið rétt hans til áfrýjunar til velferðarráðs og eftir atvikum Úrskurðarnefndar velferðarmála að fengnum rökstuðningi.

38. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi að fengnum rökstuðningi áfrýjað til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til Úrskurðanefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

39. gr.

Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

VI. Kafli

Annað

40. gr.

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neysluverðsvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

41. gr.

Gildistími

Reglur þessar byggja á 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, og eldri reglum um fjárhagsaðstoð frá Akureyrarbæ.

Reglur þessar voru samþykktar í velferðarráði þann 6. mars 2019 og í bæjarráði þann 14. mars 2019 með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 22. mars 2023 og á fundi bæjarráðs þann 18.04.2023 og taka reglurnar þar með gildi með áorðnum breytingum.